

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

**annars vegar
og**

Félag vélstjóra og málmteknimanna

**hins vegar
gera með sér svofellt**

S A M K O M U L A G

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila
vegna Landhelgigæslu Íslands**

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatöflur félagsins samkvæmt grein 1.1.1 hækka sem hér segir:

Frá 1. maí 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300.

3. grein

Persónuuppbót (desemberuppbót) samkvæmt gr. 1.7.1 verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

4. grein

Orlofsuppbót samkvæmt gr. 4.2.2 verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 24.300.

5. grein

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

6. grein

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forráðamaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

8. grein

Ný grein 4.1.5 komi inn í samninginn og verður svohljóðandi:

Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur að beiðni stofnunar, skal sá hluti orlofsins lengjast um 25%. Sama gildir um sumarleyfi, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar. Ef frestun er að beiðni starfsmanns kemur ekki til lengingar.

9. grein

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 18. júlí 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 30. júní 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)

F.h. Landhelgisgæslu Íslands

Svanhildur Sverrisdóttir (sign.)
Hulda Gísladóttir (sign.)

F.h. Félags vélstjóra og málmteknimanna
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Guðmundur Ragnarsson (sign.)
Halldór A. Guðmundsson (sign.)
Ólafur Pálsson (sign.)
Unnþór Torfason (sign.)

Bókanir með kjarasamningi

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarféлага um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

Bókun 2

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið með sjóðnum er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Eitt af því sem þar kemur til skoðunar er með hvaða hætti hægt er að samþætta hinum opinbera vinnumarkaði þá starfsemi sem samningsaðilar á almennum vinnumarkaði stóðu að með stofnun Endurhæfingarsjóðs.

Verði það gert á þann hátt að á samningstímabilinu verði unnið að því að í samvinnu við önnur bandalög ríkisstarfsmanna að koma á samstarfi eða samþættingu við aðra sem eiga sambærilegra hagsmuna að gæta.

Greiða skal sérstakt gjald er nemur 0,13% (endurhæfingargjald) af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem falla undir samkomulag þetta frá og með 1. júlí 2008. Framlag þetta skal greitt inn á sérstakan safnlið í vörslu fjármálaráðuneytisins. Leiði endurskoðunin til þess að samkomulag náist um samþættingu eða samstarf þá skal greiða framlagið frá næstu mánaðamótum eftir að aðilar taka sameiginlega ákvörðun um slíkt.

Bókun 3

Vegna mismunandi aðferða við launatölur yfirvélstjóra og annarra vélstjóra er samkomulag um að krónutalan 20.300 verði misjöfn með þeim hætti eða að á taxta vélstjóra komi kr.19.900, en að á taxta yfirvélstjóra komi kr. 39.500.

Fylgiskjal 2 **með kjarasamningi**

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

Starfsþróun

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir.
- Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

Samningstexti

- Samræming á texta kjarasamninga.

Vinnuumhverfi

- Heilsueflandi vinnuumhverfi, svo sem vegna vaktakerfa.

Sí- og endurmenntun

- Könnun á samstarfi um samhæfingu sí- og endurmenntunarákvæða í kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Slysatryggingar

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði.

Launaþróun

- Skoðun á kerfum sem notuð eru til að mæla fylgni launaþróunar á milli markaða, t.d. erlendis.